

## 4. gr.

Umsókn fyrir leyfi til hundahalds skal senda bæjarstjórn Stykkishólms, sem gefur út leyfi. Upplýsingar um hundinn skal færa í þar til gerða bók hjá bæjarstjórn. Þar skal m.a. skrá heiti, aldur, kyn, tegund, lit og önnur einkenni hundsins. Ennfremur nafn og heimilisfang leyfishafa svo og skráningarnúmer hundsins. Leyfishafi fær merkta plötu, sbr. 3. lið 2. gr. og eintak af samþykkt um hundahald í Stykkishólmi.

Lögregluvarðstofunni í Stykkishólmi og heilbrigðisnefnd skulu send afrit af leyfisbréfi.

## 5. gr.

Brjótí leyfishafi gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, sem um hundahald gilda skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um minni háttar brot að ræða. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekað brot afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Hættulegum hundum er heimilt að lóga þegar í stað. Bæjarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstaka hunda eða öll veitt leyfi telji hún brýna nauðsyn þar á að höfðu samráði við heilbrigðisnefnd.

## 6. gr.

Eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar er í höndum heilbrigðisnefndar og lögreglu. Að öðru leyti fer um framkvæmdina samkvæmt lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum.

## 7. gr.

Samþykkt þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Stykkishólms staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 3. október 1997.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 158/1997, um álagningu spilliefnagjalds, sbr. breytingu nr. 203/1997, breytingu nr. 316/1997 og breytingu nr. 442/1997.**

## 1. gr.

Við reglugerðina bætist nýr VII. kafli sem er svohljóðandi:

## VII. KAFLI

## Varnarefni.

## 14. gr.

*Gjaldskyld varnarefni og upphæð gjaldsins.*

Spilliefnagjald skal lagt á varnarefni.

Spilliefnagjald á innflutt varnarefni skal innheimt í tolli.

Um gjaldtöku og flokkun til gjaldskyldu á varnarefnum, gilda ákvæði viðauka VI við þessa reglugerð.

## 2. gr.

Við reglugerðina bætist nýr VIII. kafli sem er svohljóðandi:

VIII. KAFLI  
Ísócyánöt.

## 15. gr.

*Gjaldskyld ísócyánöt og upphæð gjaldsins.*

Spilliefnagjald skal lagt á ísócyánöt.

Spilliefnagjald á innflutt ísócyánöt skal innheimt í tolli.

Um gjaldtöku og flokkun til gjaldskyldu á ísócyánötum, gilda ákvæði viðauka VII við þessa reglugerð.

## 3. gr.

VII. KAFLI verður IX. KAFLI.

## 4. gr.

14. gr. verður 16. gr. og 15. gr. verður 17. gr.

## 5. gr.

Við reglugerðina bætist viðauki VI sem er svohljóðandi:

## VIÐAUKI VI.

## VARNAREFNI SEM GETA ORÐIÐ AÐ SPILLIEFNUM.

Spilliefnagjald skal reikna sem tiltekna fjárhæð á hvert kílógramm (eða hluta úr kílógrammi) varnarefna sem flokkast undir eftirtalin tollskrárnúmer:

	<b>ÚR 38. KAFLA TOLLSKRÁRINNAR</b>	Kr/kg
<b>3808</b>	<b>Efni til varnar gegn eða útrýmingar á skordýrum, nagdýrum, sveppum og illgresi, efni til að hindra spírun og efni til að stjórna plöntuvexti, sóttþreinsandi efni og áþekkar vörur í formi eða umbúðum til smásölu eða sem blöndur eða hlutir (t.d. brennisteinsunnin bönd, kveikir og kerti, og flugnaveiðarar):</b>	
3808.1000	- Skordýraeyðir .....	3,00
	- Sveppaeyðir:	
3808.2001	- - Fúavarnarefni .....	3,00
3808.2009	- - Annar .....	3,00
3808.3000	- Illgresiseyðir, spírunareyðir og efni til að stjórna plöntuvexti	3,00
3808.4000	- Sóttþreinsandi efni .....	3,00
3808.9000	- Annað .....	3,00

## 6. gr.

Við reglugerðina bætist viðauki VII sem er svohljóðandi:

## VIÐAUKI VII.

## ÍSÓCYÁNÖT SEM GETA ORÐIÐ AÐ SPILLIEFNUM.

Spilliefnagjald skal reikna sem tiltekna fjárhæð á hvert kílógramm (eða hluta úr kílógrammi) ísócyánata sem flokkast undir eftirtalin tollskrárnúmer:

	<b>ÚR 29. KAFLA TOLLSKRÁRINNAR</b>	Kr/kg
<b>2929</b>	<b>Sambönd með annarri köfnunarefnisvirkni:</b>	
2929.1000	- Ísócyánöt .....	1,00
2929.9000	- Annað .....	1,00

## 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 56/1996 um spilliefnagjald og öðlast gildi 1. nóvember 1997.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 6. október 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Magnús Jóhannesson.*

Nr. 580

7. október 1997

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 331/1997 um námsorlof framhaldsskólakennara.**

## 1. gr.

5. gr. orðist svo:

Þriggja manna nefnd sem menntamálaráðherra skipar veitir menntamálaráðherra umsögn um umsóknir og gerir rökstuddar tillögur um úthlutun námsorlofs og styrkja skv. 2. og 4. gr. Nefndin skal m.a. taka tillit til eftirfarandi:

a) Hvers konar nám umsækjandi hyggst stunda og hvernig það muni nýtast viðkomandi stofnun eða skólakerfinu í heild. Orlof skal fyrst og fremst veitt til náms sem tengist starfssviði umsækjanda.

b. Starfsaldurs umsækjanda.

Við veitingu námsorlofs skal taka tillit til eðlilegrar dreifingar milli skólastofnana, námsgreina, skólasvæða og kynja.

Nefndin skal þannig skipuð: Einn skal skipaður af menntamálaráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar, einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Hins íslenska kennarafélags og einn samkvæmt tilnefningu Kennarasambands Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Skipunartímabil nefndarinnar er fjögur ár.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 7. október 1997.*

**Björn Bjarnason.**

*Guðríður Sigurðardóttir.*

Nr. 581

8. október 1997

## REGLUGERÐ

**um (1.) breytingu á reglugerð um jöfnun eigna á móti váttryggingaskuld váttryggingafélaga, nr. 646/1995.**

## 1. gr.

Í stað 2. mgr. 2. gr. kemur ný mgr., svohljóðandi:

Félagið skal tryggja fjölbreytni og dreifingu eigna á móti váttryggingaskuld í samræmi við tegund þeirra skuldbindinga sem hvíla á félaginu. Taka skal tillit til þeirrar áhættu sem félagið ber og felst í fjárfestingu af tiltekinni tegund og skulu eignir á móti váttryggingaskuldbindingu félagsins valdar í samræmi við það. Eignum sem ekki er hægt að selja með stuttum fyrirvara skal halda innan hóflegra marka. Ákvæði 7., 8. og 9. gr. eiga ekki við um